

Tímabundið starf á Eigna- og framkvæmdadeild

Leitað er að öflugum starfsmanni í tímabundið starf á Eigna- og framkvæmdadeild. Áætlaður starfstími er frá 1. maí til 31. október 2022. Um er að ræða almennt starf hjá deildinni sem heyrir undir Framkvæmdasvið sveitarfélagsins. Starfsmaðurinn fer ekki með mannaforráð og næsti yfirmaður er deildarstjóri Eigna- og framkvæmdadeildar.

Helstu verkefni:

Starfið felst í framkvæmd verkefna sem eru m.a. að annast svæði og eignir sveitarfélagsins, umhirðu og almennt viðhald. Undir deildina falla Eignasjóður, Félagslegar íbúðir og Vinnuskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Gott vald á íslenskri tungu í ræðu og riti.
- Ökuréttindi.
- Vinnuvélaréttindi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulagshæfni og nákvæmni.
- Hæfni til að aðlagast breyttum aðstæðum.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjalar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á Mín Dalvíkurbyggð, <http://min.dalvikurbyggd.is/>

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Nánari upplýsingar veitir Helga Íris Ingólfssdóttir (helgairis@dalvikurbyggd.is), deildarstjóri eigna- og framkvæmdadeildar.